

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg.

#### 1. gr.

Sveitarfélagið Árborg annast sorphirðu frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Árborg nr. 115/2010.

#### 2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

<i>Gjaldtegund</i>	<i>120 l tunna</i>	<i>240 l tunna</i>
Sorphreinsunargjald	26.300 kr.	26.300 kr.
Sorpeyðingargjald	18.700 kr.	30.100 kr.
Samtals	45.000 kr.	56.400 kr.

Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

Önnur gjöld:

Pokagjald: Sérmerktir sorppokar	450 kr./stk
Tunnugjald: Nýjar 120 l tunnur	9.900 kr./ílát
Nýjar 240 l tunnur	12.700 kr./ílát
Samsetningar- og útkeyrslugjald	1.650 kr./ílát

Pokagjald, tunnugjald og/eða samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu.

Samsetningar- og útkeyrslugjald greiðist við afhendingu nýrra tunna og ef skipt er milli stærða.

Sé tunnu skipt út fyrir aðra stærð er eldri tunna tekin upp í nýja tunnu. Verð eldri tunnunnar miðast við verð á nýrri tunnu að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því notkun hófst.

Sé tunnum fækkað og tunnu skilað er hún innleyst á upprunalegu verði að frádreginni afskriftarupphæð sem nemur 1/10 fyrir hvert ár sem liðið er frá því að notkun hófst.

#### 3. gr.

Gjaldskrá vegna móttökustöðvar í Sveitarfélaginu Árborg (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn:

<b>Óflokkað</b>	<i>Kr./kg m. vsk</i>
<i>Blandaður úrgangur:</i> Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnast ekki sérstakrar meðhöndlunar í böggun.	31
<i>Grófur úrgangur:</i> Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir böggun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, steinefni og gler.	30
<b>Flokkað</b>	<i>Kr./kg</i>
<i>Timbur:</i> Hvítmálað, plasthúðað og blandað.	18
Trjábolir og greinar (ekki hvítmálað og án aðskotahluta)	12
Hey, trjáaflippur, gras, hálmur og arfi	0
Dagblöð/tímarit	7
Skrifstofupappír og hvítur afskurður frá prentsmiðju	8

<i>Málmar:</i>	0
<i>Úrgangur sem ber úrvinnslugjald:</i>	<i>Kr./kg</i>
Umbúðir úr sléttum pappa	0
Plastumbúðir	14
Heyrúlluplast	0
Bylgjupappi	0
Hjólbarðar	0
Raftæki	0
Spilliefni	0
<i>Annað:</i>	
Smádýrahæ og sláturúrgangur (lágmark 2.000 kr. við afgreiðslu)	19
Fljótandi úrgangur (seyra)	17
Húsdýraúrgangur	13
Ómengaður úrgangur til urðunar, t.d. jarðvegur, steinefni	22

Íbúar geta skilað allt að ½ rúmmetra af heimilissorpi á dag til móttökustöðvarinnar gjaldfrjálst. Lágmarkskomugjald er 535 kr.

Lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) er 1.070 kr./m<sup>3</sup>.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með, skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 1272/2016 með síðari breytingum.

*Selfossi, 13. desember 2017.*

**Ásta Stefánsdóttir,**  
frankvæmdastjóri Sveitarfélagsins Árborgar.